

Tillaga	A 1988/UVU
Flytjandi	Flokkahópur miðjumanna
Afgreiðsla	Norræna hagvaxtar- og þróunarnefndin

## A 1988/UVU Þingmannatillaga um innviði á hættutímum

Flokkahópur miðjumanna leggur til að Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til norrænu ríkisstjórnanna

- að gera grein fyrir því hvort, eftir inngöngu Svíþjóðar og Finnlands í NATO, samstarf um þróun samnorræna almannainnviða vegna mögulegs hættuástands verði eftir
- að gera grein fyrir því hvernig samstarfið verður eftir og gert kerfisbundnara bæði hjá yfirvöldum og á vettvangi stjórnmalanna

### Bakgrunnsupplýsingar

Nú eru hættulegir tímar fyrir sameiginlegt öryggi Norðurlandanna. Forsætisráðherra og varnarmálaráðherra Svíþjóðar lýstu því yfir á fundi í janúar 2024 að „hættan á stríði er raunveruleg. Verum undirbúin fyrir það andlega. Þetta er bláköld alvara“. Flokkahópur miðjumanna hefur áhyggjur af þessari þróun og vill að samstarf verði eftir vegna hennar.

Innganga Svíþjóðar og Finnlands í NATO opnar fyrir ný tækifæri til norræns samstarfs um almannaöryggi. Fyrir hagvaxtar- og þróunarnefndina á þetta sérstaklega við um uppbyggingu almannainnviða. Járnbrautir, hafnir, vegir, orkunet og stafrænar þjónustur eru algjörlega ómissandi á hættutímum. Skilaboðin frá bæði embættismönnum í herjunum og frá varnarbandalaginu eru að bráð þörf sé fyrir fjárfestingar, sérstaklega á meðal Noregs, Svíþjóðar og Finnlands.

Flokkahópur miðjumanna telur vera skýra þörf fyrir norrænni ráðherranefnd um samgöngur til að samræma betur þörfina fyrir samnorræna innviði bæði á friðar- og hættutímum. En þangað til hún hefur verið stofnuð vill hópurinn frá greinargerð frá norrænu samgönguráðherrunum um hvort þeir vilji efla samstarf um þróun samnorræna innviða fyrir mögulegar hernaðarlegar hættuáðstæður, og hvernig þeir telji að gera megi þetta samstarf kerfisbundnara.



Þórshöfn, 8. apríl 2024

*Hanna Katrín Friðriksson (V)*

*Heidi Greni (Sp)*

*Jouni Ovaska (cent)*

*Anna Starbrink (L)*

*Líneik Anna Sævarsdóttir (F)*

*Anna Falkenberg (Sb)*

*Rebecka le Moine (MP)*

*André N. Skjelstad (V)*

*Bella Forsgrén (gröna)*

*Guðmundur Ingi Kristinsson (FF)*

*Kjerstin Wøyen Funderud (Sp)*

*Johan Dahl (Sb)*

*Mikko Ollikainen (sfp)*

*Sandra Listerby (Lib)*

*Hanna Räsänen (cent)*